

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

868. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 4. maí 2015 kl. 12:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

- 1. Málefni byggingarfulltrúa.** Byggðarráð ákveður að gera tímabundið frávik á skipuriti Húnaþings vestra og fresta ráðningu sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs. Þá verður ráðinn byggingarfulltrúi í fullt starf á sviðið og er sveitarstjóra falið að auglýsa starfið. Stefnt er að því að taka ákvörðun fyrir árslok 2015 um hvort varanleg breyting verði gerð á skipuritinu eða hvort horfið verði til fyrra horfs og ráðinn nýr sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.
- 2. 1504113 Lagt fram bréf íþróttá- og tómstundafulltrúa f.h. ungmennaráðs dags. 28. apríl sl.** þar sem óskað er eftir heimild til að nýta allt að kr. 150.000 af því fjármagni sem ungmennaráð hefur til ráðstöfunar á árinu 2015 til að styrkja hátíðina Eldur í Húnaþingi. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
- 3. 1407044 Lögð fram lokaskýrsla** vegna styrks sem verkefnið „Úr Húnaþingi-handgerðar sápur“ fékk úthlutað úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra árið 2014. Byggðarráð samþykkir skýrsluna og felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að greiða eftirstöðvar styrksins.
- 4. 1504111. Lagt fram erindi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra** frá 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar vegna endurnýjunar leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sigrún Jóna Halldórsdóttir f.h. Geitafells ehf. sækir um endurnýjun leyfis til að reka veitingastað í flokki II að Geitafelli í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
- 5. 1504120 Lagt fram erindi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra** frá 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Hallgrímur Hallgrímsson f.h. North West ehf. sækir um

leyfi til að reka gististað í flokki II (gistiheimili) í Víðigerði í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

6. **1504109 Lagt fram til kynningar aðalfundarboð Landskerfa bókasafna**, sem haldinn verður 12. maí nk. kl . 14:00 að Katrínartúni 2 í Reykjavík.
7. **1505002 Fjárhagsstaða 1. ársfjórðungur.** Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs lagði fram yfirlit yfir stöðu fjárhagsbókhalds eftir fyrstu 3 mánuði ársins og samaburð við fjárhagsáætlun ársins 2015. Rekstur er almennt í samræmi við áætlun ársins 2015. Yfirlitið hefur verið lagt fyrir framkvæmdaráð, rekstrarstjóra og umhverfisstjóra, sem ekki töldu ástæðu til inngripa að svo stöddu.

Samþykkt að taka á dagskrá

8. **Lagt fram til kynningar fundarboð á ársfund Landsvirkjunar** sem haldinn verður í Eldborgarsal Hörpu þriðjudaginn 5. maí nk. kl 14:00.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:41

Elín Jóna Rósinberg

Ingimar Sigurðsson

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir